

Minnisblað

Til: Starfsmanna nefnda Ísafjarðarbæjar
Frá: Þórdís Sif Sigurðardóttir
Dags. 21. september 2015
Mnr. 2015030048



ÍSAFJARÐARBÆR

Gjaldskrár Ísafjarðarbæjar 2016

Lagðar eru fram gjaldskrár og samþykktir Ísafjarðarbæjar vegna ársins 2015 til umræðu og undirbúnings gjaldskráa Ísafjarðarbæjar vegna ársins 2016.

Bæjarráð leggur til að gjaldskrár hækki almennt um 4,3%, sem er áætluð verðbólga Seðlabankans frá 19. ágúst sl., en sú tillaga er í samræmi við tillögu Sambands íslenskra sveitarfélaga um að sveitarfélög noti forsendur þjóðhagsspár við útreikninga um verðlag 2016.

Óskað er eftir því að gjaldskrárnar verði teknar fyrir í viðkomandi nefndum og tillögum nefnda að frekari breytingum á gjaldskrár sendar til bæjarritara í síðasta lagi 2. október n.k. Tillögur að breyttum gjaldskrár verða síðan lagðar fyrir bæjarráð, en bæjarstjórn hefur ákvörðunarvald um endanlega gjaldskrá sveitarfélagsins.

Hluti nefnda hefur þegar tekið gjaldskrárnar til umræðu á fundum sínum og er ekki þörf á að leggja þær fram aftur nema formaður nefndar telji svo vera. Hér að neðan eru upplýsingar um hvaða svið bera ábyrgð á hvaða gjaldskrár.

Skóla- og tómstundasvið:

- Sundstaðir, skíðasvæði og líkamsrækt
- Skóla- og tómstundasvið

Stjórnsýslu- og fjármálasvið:

- Stjórnsýslusvið
- Söfn Ísafjarðarbæjar

Umhverfis- og eignasvið:

- Áhaldahús
- Búfjáreftirlit
- Fasteignagjöld
- Gatnagerðar- og byggingarleyfisgjöld
- Holræsagjöld
- Hundahald
- Kattahald
- Skipulagsbreytingar og framkvæmdaleyfi
- Sorpgjöld
- Tjaldsvæði
- Vatnsveita

Fjölskyldusvið:

- Fjölskyldusvið

Slökkvilið:

- Slökkvilið

Hafnir Ísafjarðarbæjar:

- Hafnir Ísafjarðarbæjar